

**Jóhannes Sveinsson Kjarval**

25.05.2019–05.01.2020

**Get ekki  
teiknað  
bláklukku**  
Can't Draw  
a Harebell

# Get ekki teiknað bláklukku

## Get ekki teiknað bláklukku

Stundum er sagt að mín málverk séu eins og ákveðin verk Kjarvals, málverk þar sem horft er niður í jarðarsvörðinn og blómin sem þar vaxa einfaldlega tekin upp og færð yfir á myndflötinn. Blómaverk Kjarvals eru þó miklu yfirgrípsmeiri en það sem ég hef fengist við, það má segja að hann fari um víðan völl. Hann einskorðar sig ekki við grasfræði heldur malar og teiknar þau blóm sem eru í kringum hann og heilla hann, skrautblóm, pottaplöntur og villt blóm. Svo leitar hann innávið og malar flóru hugans. Helstu flokkar verka hans fléttast saman við blómamyndirnar, landslag, fantasíur, andlit samferðafólks og skáldaðar verur eða andar. Þegar mér var boðið að setja saman sýningu á verkum Kjarvals fyrir Listasafn Reykjavíkur þurfti ég ekki að hugsa mig lengi um; ég yrði að rannsaka blómapáttinn í verkum hans. Sem listamaður í stöðu sýningarstjóra ákvað ég að taka verkefnið listrænum tókum. Ég flokka verkin niður eftir efnispáttum og myndrænum skyldleika og sýni þau eins og um mín eigin verk væri að ræða. Val mitt á verkum er fremur hugsað til að mynda heillega sýningu en að sýna sögulegt yfirlit blómavera Kjarvals. Það sem hér sést er aðeins lítið brot af því sem til er í söfnum og einkaeigu og auðveldlega væri hægt að setja upp þrefalt stærri sýningu af þessum toga.

Meginflokkar blómavera Kjarvals eru að mínu áliti þrír og þannig raðast þeir inn í jafnmarga sali sýningarinnar. Í miðsalnum er blómalandslag og myndir úr íslenskri villiflóru. Þar eru verk þar sem hann tekst fyrst á við villt blóm, aðallega lyng. Í ríssi og pári Kjarvals er oft hægt að þekkja algengar blómategundir og slíkar skissur getur að líta í sýningarborði. Landslag og blómapár fléttast saman í verkum Kjarvals og á síðustu árum ferilsins malar hann

hugarlandslag, gráa veröld sem blóm lýsa upp. Í norðursalnum eru verk sem kalla mætti hátíðarblóm, það eru afskorin blóm, pottablóm og blómakörfur. Verk sem Kjarval gerði til gjafa, bæði frá sjálfum sér eða fyrir aðra að gefa. Í suðursalnum eru síðan blómafantasíur Kjarvals, þar sem andlit og verur fléttast saman við blómapár í málverkum, teikningum og ríssi.

## Blómalandslag

Strax á Kaupmannahafnarárunum fór Kjarval að fást við plönturíkið í verkum sínum. Í Danmörku verða til skógarmálverk, beinvaxin tré ólík krækluðu kjarri heimalandsins. Málverkið *Skógarhöllin* sem er í eigu Listasafns Íslands er frá 1918. Súlna-göng trjáa sem líkjast súlum bygginga fornmenningarinnar. Sá Kjarval sem malar þessar myndir er borgarbúi sem er að taka inn straua sem hann vill flytja til heimalandsins. Hann sér fyrir sér Austurvöll niðurgrafinn með súlnagöngum og á súlnapakinu er blómagarður (*Grjót*, 1930, bls. 33–35). Lauf tjánna heilla hann, rauðkrítarmyndir þar sem laufin fylla myndflötinn, hlynur, hesliviður og fleiri tegundir. Á ferðalagi sínu um Ítalíu teiknar hann með rauðkrít lauf appelsínutrjána. Á Íslandi er það beinvaxinn reynir, tréð sem er svo fágætt í íslenska kjarrinu og stendur upp úr því há og fagur ef hann fær skjól. Stórt málverk af reyni, *Reyniviður* (1925), prýðir heimili vinar hans, Ragnars Ásgeirssonar garðyrkjuráðunautar. Það urðu líka til lítil málverk á árunum milli 1920 og 1930, flest af bláberjalyngi. Lyngið malar hann fremur náttúralískt og það fyllir út í myndflötinn. Elst er lítið málverk af bláberjalyngi frá Snæfellsnesi frá 1919. Lyng og reynitré birtast áfram í málverkum Kjarvals, en verða með árunum sífellt frjálslægri í meðförum hans. Lyngbreiðurnar verða að grófri pensilskrift.

Ferðalag Kjarvals til Frakklands 1928 skipti sköpum í list hans. Hann malar skóga úti undir beru lofti og þegar hann kemur heim verða Þingvellir hans vettvangur. Dulmagn hraunsins og mosans kemur í stað dulmagns skóganna. Hraunið er skógur Íslands. Í Frakklandi endurnýjar hann einnig kynni sín við framúrstefnuna í Evrópu. Landslagsmálverk Kjarvals fullmótaðist á árunum upp úr 1930 og samtímis fékkst hann við abstraktið. Hann fer ofan í grunn landslagsins og beinir sjónarhorninu frá sjóndeildarhringnum, beint ofan í mosann og hraunið. Þar skína deplar blómanna jafnt og kúbískir molar grjótsins í abstrakt veröld. Þar er landslagið nafnlaust, það heitir ekkert. Landslag sem heitir ekki neitt þótti einskis virði - og þykir jafnvel enn.

Þegar Kjarval er kominn svo nálægt jarðarsverðinum, gerist það að deplar blómanna fara aftur að skýrast og það má þekkja ýmsar blómategundir. Í skissum og pári Kjarvals sem ég hef skoðað, og í sumum málverkanna, hef ég greint um tuttugu tegundir villtra blóma. Bláberjalyng er sú planta sem langoftast kemur fyrir og nánast eingöngu í elstu málverkunum. Þekking Kjarvals á plöntum virðist eins og gengur og gerist hjá almenningi. Hann er ekki grasafræðingur, en þekkir algengustu blómin og gerir stúdíur af nokkrum tegundum eins og mariústakki, fjalldalaffli, silfurmuru, hjartarfa, túnsúru, ólafssúru, hrútaberjum og blágresi. Gulmöðru gerir hann vel skil, en kallar hana gullmuru. Gullmura kemur reyndar oft fyrir í pári hans, en hann nefnir hana ekki. Ljónslappa teiknar hann, en kallar mariústakk. Hann talar um bláa blómið og það er mikið af blómapári sem minnir á bláin eða dýragras. Sagt er að huldufólk búi þar sem bláin vex. Bláklukku, einu helsta einkennisblómi Austurlands, gerir hann skil í rissi. Með bláu bleki

teiknar hann bláa blómið og það er greinilega bláin. Á sama blaði eru stúdíur af dúnurt og síðan teiknar hann bláklukku og skrifar, "get ekki teiknað bláklukku".

Það málverk frá hendi Kjarvals þar sem best er að þekkja plöntutegundir er eflaust stórbrotin landslagsfantasía hans, *Hvassárgljúfur (Íslandslag)*, unnið á árunum 1949–1959. Verkið er í eigu Listasafns Íslands og til sýnis þar. Plönturnar eru skýrt teiknaðar yfir landslagið þar sem sést í andlit og ljósa veru. Í málverkinu má kenna ólafssúru, túnsúru, túnfífil, gulmöðru og mariústakk, tegundir sem einnig er hægt að þekkja víða í blómarissi Kjarvals. Svo eru hefðbundnari landslagsverk þar sem blómskrúð og steinar fylla forgrunninn eins og *Skjaldbreiður (í Grafningi)* 1957–1962, í eigu Listasafns Reykjavíkur. Þar má þekkja blóm eins og blóðberg og holurt í moldarflagi innan um grjót. *Berjahrísla* frá 1949 er þekkt verk. Grein lyngs vex frá rofabarði yfir grýttan og gróðursnauðan mel.

Þegar lokin nálgudust málaði Kjarval röð verka þar sem einungis er jarðarsvörður í gráum tónum líkt og að vetri. Stundum glittir í sjóndeildarhring efst og vinstra megin á myndfletinum er eins og sé vatn, sjór eða á. Það er ekki hægt nefna landslagið, þetta gæti verið landslag sem birtist í draumi. Oft malar hann hvítt víravirki blómskrúðs léttilega yfir jörðina eins og til að hylja drungann sem annars hvílir undir. Eða er þetta snjóföli? Eflaust eru þetta málverk máluð á vinnustofunni að vetri til þegar kraftarnir voru farnir að dvína, draumur um að sumarið vakni von bráðar með blómskrúði sínu meðan náttúran liggur í dvala. Blómvöllur hugans.

Þessi síðustu verk sýna aðeins jörðina sem jörð og fjall sem fjall. Lækur er bara lækur,

blóm er bara blóm, það eru engin nöfn, engar tegundir. Verkin fjalla eingöngu um hug þess sem skapaði þau og sýn listamannsins, sem hjá Kjarval er hin Kjarvalska sýn. Verk hollenska 17. aldar meistarans Hercules Segers sýna landslag sem er nafnlaust hugarlandslag, fjöll sem hann hafði aldrei séð eða farið um. Hugarlandslag og hugarhaf var það sem skáldið Ágúst Strindberg færði okkur með þeim fáu málverkum sem eftir hann liggja. Einhvers staðar þarna liggja þessi verk Kjarvals, þetta eru fantasíuverk veraldar án vera.

### Hátíðarblóm

Kjarval fer ekki troðnar slóðir í uppstillingunni, myndefninu þar sem reglufestan ríkir. Blómamyndir sem tækifærismyndir fá allt aðra merkingu í hans meðförum. Allt fellur að hans eigin reglum og frjóu ímyndunarafli hans. Kjarval þekkti samt hefðina vel. Snemma á ferlinum bar á uppstillingum en myndefnið er samt óvenjulegt, bækur. Undir handleiðslu Ásgrims Jónssonar málaði Kjarval uppstillingu með bikar, glasi og vatnskaröflu ásamt stafla af bókum. Á fyrstu sýningu hans í Kaupmannahöfn 1912 var verkið *Brennandi bók* sem Guðbrandur Magnússon festi kaup á og gaf hinum nýstofnaða Háskóla Íslands. Á námsárunum málaði Kjarval uppstillingar af ávöxtum í skál og þvíumlíku og það myndefni fylgdi honum um sinn.

Árið 1935 þegar Kjarval stóð á fimmtugu hlýtur hann loks viðurkenningu og verður sá ástsæli listamaður íslensku þjóðarinnar sem hann hefur verið síðan. Á ljósmyndum sjáum við hann í hafi blóma, blómakarfa og afskorinna blóma. Vinnustofan er full af blómum sem visna. Málverk hans eru orðin eftirsótt, þó eru það fyrst og fremst landslagsverkin. Þegar hér er komið sögu verða honum skrautblómin efniviður málverka sem verða

vinsæl til gjafa. Hann launar líka gjafir, lán og velvilja með málverkum og teikningum af skrautblómum. Hann þakkar jafnvel fyrir sig með myndum af þeim blómum sem honum voru gefin. Nú verða til glæsileg, litskrúðug verk sem sýna blómvendi, blómakörfur, pottablóm og blóm í vasa. Brátt birtast andlit og verur innan um litskrúðug blómin og í bakgrunninum er landslag sem blómin renna saman við eða þau eru hreinlega staðsett í landslaginu. Þá förum við að kannast við myndheim Kjarvals.

Til eru ógrynni blekteikninga af blómvöndum og skrautblómum frá hendi Kjarvals. Það mætti safna þeim saman og gera stóra sýningu en að þessu sinni verður þeim ekki gerð full skil. Allar sýna þær snilld Kjarvals sem teiknara, dregnar upp af öryggi. Ég treysti mér ekki til að greina öll skrautblómin sem koma fyrir í málverkum og teikningum Kjarvals. Ég hef ekki þekkingu til þess, en ég get þó nefnt túlípana, morgunfrúr, krisantemur, nellíkur og daliur.

### Blómaverur

Ég hef ótal snum barið teikninguna *Blómaandlit* (um 1940) augum og í gegnum árin hefur hún límist í huga minn eins og lagstúfur sem hljómar þar daginn út og inn. Veran í myndinni virðist karlkyns en er varla ákveðin persóna. Hún setur stút á munninn, blómin eru inni í höfði hennar. Ekki er gott að segja hvaða blóm þetta eru, þau eru frekar í ætt við skrautblóm af vinnustofunni en úr villtri flóru landsins. Líklegast eru þau bara úr huga listamannsins. Eins og svo oft hjá Kjarval eru fleiri verk sem líkjast þessu verki, en stundum er þó um ákveðnar persónur að ræða eins og í málverkinu *Lyng* (Egill Thorarensen), frá árinu 1949, þar sem andlit samferðamanns fléttast saman við lyngið. Í verkinu *Vor* frá 1958 eru vangasvípir manns og konu og

veru sem fylgir þeim, mótaðir með hvítum línunum yfir litfagran blómstursvörð. Framan við eru skrautblóm í vasa.

Í ríssi og pári Kjarvals sem oft er eins og ósjálfráð skrift, renna saman fígúru, andlit, vangasvipir og flúr. Flúrið verður að blómaflúri. Allt flæðir. Vangasvipirnir horfa nær alltaf til vinstri. Verurnar eru blíðar en síðar meir fara þær að geifla sig og gretta. Í eldri fantasíum Kjarvals mætti segja að verurnar séu vættir og huldufólk. Þær eru fast formaðar. Eftir því sem líður á feril Kjarvals fara verurnar og andlitin að verða lausari í forminu og liðast um í lausu lofti innan um blómskrúð og landslag. Þessar verur eru til dæmis á flugi í verkinu *Fyrstu tunglfararnir*, um 1960–1965, nú í eigu Listaverkasafns Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur sem varðveitt er hjá Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni. Frjálst formaðar, kynlausar verur sem svífa yfir jörðinni og finna ekki fyrir jarðtengingunni, renna saman við himininn og jörðina. Í verkinu *Andlit, maður, blóm*, frá um 1965, situr ein þessara vera á blómskrýddri jörð. Þar birtist andlit og auga sem starir á okkur. Í verkinu *Teppi í olúlitum*, frá 1956, gretta andlitin sig og spauga og segja „gilli gogg.“ Í bakgrunninum er gnótt blóma sem þekja jörð og blár himinn yfir. Vindur feykir hár hausanna. Verur Kjarvals eru náttúruandar og eflaust eru þessir hausar náttúruandarnir sem hann skrifar um í leikþættinum *Einn þáttur* (1938) og víðar. Andi kuldans og klakans hittir þar naglann á höfuðið og segir: „Öll ykkar menning gengur út á að tortíma ykkur sjálfum, ef þið sjáið ekki nema menninguna í náttúrunni þaðan sem menningin er komin frá í staðinn fyrir að náttúran á að vera í menningunni.“ Það eru náttúruleg mál sem gilda í verkum Kjarvals sem og í sýn hans og veröld. Við skulum samt varast að horfa á náttúruna með gleraugum menningarinnar þótt það sé einmitt það sem við gerum þegar

við horfum á mosann og hraunið og sjáum fyrir okkur málverk Kjarvals. Ást Kjarvals á Þingvöllum er ást á náttúru landsins og staðarins, ekki menningu hans.

### Náttúrvernd – dýravernd

Kjarval hafði ímugust á hvers kyns veiðum á dýrum, hvort sem það voru rjúpur eða hvalir. Hann skrifaði greinar gegn grimmd mannfólksins gagnvart dýrum og í verkum sínum kennir hann okkur að meta óbyggðirnar og óræktarlandið. Ég veit ekki til þess að nokkur sála á Íslandi hafi beitt sér gegn veiðum á hvöllum áður en Kjarval gerði það og það leið langur tími þar til nokkur tók undir skoðanir hans. En hvaðan koma þessar hugmyndir hans? Ég sé ekki annað en að Kjarval taki þetta upp hjá sjálfum sér. Þetta er mennskan sem við sjáum alls staðar í lífssýn og verki hans. Kjarval lifði stundum sem útilegumaður, hann bjó með náttúrunni og því ekki skritið að hann kæmist að þessum niðurstöðum.

Það er nokkuð ljóst hvaða listastefnur blésu eldmóði í brjóst Kjarvals, það sést í verkum hans. En Kjarval fer alltaf sínar eigin leiðir og meðferð hans á framúrstefnulist og heimspekistefnum í upphafi síðustu aldar er algjölega eftir hans höfði. Afstaða Kjarvals til náttúrunnar, hvernig hann tekur á henni og túlkar hana, gerir honum kleift að kafa ofan í landslagið, hraunið og gróðurinn og skynja þær verur sem þar búa. Ríki hugsæisins og lífið með landinu og umhverfinu öllu er grunnurinn í veröld Kjarvals.

Drottun mannsins yfir náttúrunni, og að þetta vald kunni ekki góðri lukku að stýra, verður margoft til þess að Kjarval tekur upp pennann. Í greininni *Æðsta skepna veraldarinnar* (Morgunblaðið 14. mars 1948) vill hann að smíðað verði hvalfríðunarskip

og segir: „Í þetta skiptið einkennir það samtíð vora, að við höfum ennþá nóg að borða, og gætum við því okkur að meinalausu tekið dálítið af eðli okkar undir smásjána, athugað gírugheitin, grimmdina, vanahvatirnar og framfærsluhugsun vora og gjörvan hag okkar við náttúruna, og við ættum að gera þetta að okkar vísindagrein, að friða eitthvað það fyrir sjálfum oss, sem er okkur annars mikils virði.“ Svo ritar hann: „Hið stóra hjarta heimssálarinnar, hvalanna, sortjerar undir tónbylgjum, sem mundu glatast þessum hnetti ef við högum okkur verr en óvitar“. Í *Hvalasögunni* (1956) fjallar hann um bræður sem hætta við að elta hvalavöðu því þeir hafa nóg að bíta og brenna. Svo er brakandi þurrkur og koma þarf heyinu í hús og ef allir fara að skera hval þá verður heyleysi. Og fólkíð hjálpast að við að koma hvölunum út á næsta flóði.

Kjarval talar til okkar með sinni djúpu og dimmu rödd og í dag brenna orð hans á okkur meir en nokkru sinni fyrr. Kjarval var langt á undan samtíðinni í sinni list og hugsun og við ættum að hlusta á hann og tengjast náttúrusíma hans.

Apríl 2019  
Eggert Pétursson

# Can't Draw a Harebell

## Can't Draw a Harebell

It is sometimes mentioned that my paintings resemble certain works by Kjarval, paintings where you look at the ground and simply take the flowers you see there and bring them to the canvas. However, Kjarval's flower paintings are much more extensive than what I've been doing, he can be said to traverse all over. He does not limit himself to botany, but paints and sketches flowers which he is surrounded and fascinated by; ornamental flowers, potted plants and wildflowers. He also searches inside himself and paints the flora of the mind. The main categories of his work are intertwined with the flower images; landscape, fantasy, portraits of his contemporaries and fabricated beings or spirits. When I was invited to assemble an exhibition of Kjarval's works for Reykjavík Art Museum, I didn't need to ponder the offer for long; I had to examine the floral aspect of his works. As an artist who has become curator, I decided to approach the project from an artistic point of view. I sort the paintings by elements and figurative relationship and exhibit them like they were my own. My selection is intended to form an exhibition with a collective look, rather than displaying a historical overview of Kjarval's floral works. What can be seen here is only a small part of what exists in museums and private collections, it would be easy to put on an exhibition of three times this size.

In my opinion, the main categories of Kjarval's floral paintings are three, and that's how they are presented in the three exhibition halls. The centre hall has floral landscape and paintings from Icelandic wild flora. This is where he first starts grappling with wild flowers, mainly heather. In Kjarval's drawings and sketches, one can often recognise common flowers, and such

sketches can be seen in the display table. Landscape and floral drawings are interlaced in Kjarval's works and in the last years of his career he paints landscapes of the mind, a grey world which is lit up by flowers. The northern hall contains paintings of what may be called festive flowers, i.e. cut flowers, potted plants and flower baskets. These are paintings which Kjarval created as gifts, both from himself and for others to give. In the south hall we have his floral fantasies, where faces and creatures are intertwined with flowers in paintings, drawings and rough sketches.

## Floral Landscape

Already during his Copenhagen years, Kjarval started tackling the flora in his work. In Denmark he created paintings of woods, tall and straight trees, very different from the crooked bush of his homeland. The painting *Forest Palace* which belongs to the National Gallery of Iceland's collection was created in 1918. A colonnade of trees, resembling pillars in buildings from ancient cultures. The Kjarval who paints this is a townsman, inhaling trends to import to his home country. He visualises Austurvöllur sunken with colonnades and a flower garden on the roof (Grjót, 1930, pg. 33–35). He is fascinated by the leaves of the trees, images in red chalk where leaves fill up the surface, maple, hazel and other species. On his travels in Italy Kjarval draws the leaves of the orange trees with red chalk. In Iceland, he chooses the straight mountain rowan, a tree which is so rare in the Icelandic bush and towers over other plants, tall and beautiful, if it gets enough shelter. A large painting of mountain rowan, *Mountain Rowan* (1925) adorns the home of Kjarval's friend Ragnar Ásgeirsson, horticultural consultant. Between 1920 and 1930, some smaller paintings are also created, most of them of bog

bilberry. He paints the plants in rather a naturalistic fashion and they fill up the surface. The oldest one is a small bog bilberry painting from Snæfellsnes, painted in 1919. Heather and mountain ash continue appearing in Kjarval's paintings but with time they constantly become more and more lavish. The fields of heather become coarse brush writing.

Kjarval's trip to France in 1928 marks a watershed in his art creation. He paints forests in the open air and upon his return to Iceland, Þingvellir become his chosen scene. The mystique of lava and moss replaces the magic of the forests. Lava is Iceland's forest. In France he also renews his acquaintance with European avant-gardism. Kjarval's landscapes are fully formed in the years after 1930 and at the same time he deals with abstract art. He looks into the foundation of the landscape, looks down from the horizon, straight into the moss and lava. There, the bright spots of flowers shine like the cubist lumps of rock in an abstract world. The landscape is nameless, it is called nothing. Landscape without a name was believed to be worthless, and maybe it still is.

When Kjarval approaches the ground so closely, the spots of flowers start getting clearer again and various types of flowers can be recognised. In Kjarval's sketches and drawings which I have examined, and in some of his paintings, I have analysed around twenty species of wildflowers. Bog bilberry is by far the most frequent one, almost solely in his older paintings. Kjarval's knowledge of plants appears pretty standard. He is not a botanist but knows the most common flowers and draws detailed pictures of some species, such as common lady's mantle, water avens, silverweed, shepherd's purse, green sorrel, mountain

sorrel, stone bramble and wood cranesbill. He examines lady's bedstraw in detail but calls it alpine cinquefoil. Alpine cinquefoil actually appears numerous times in his drawings but he doesn't mention it by name. He draws alpine lady's mantle but calls it common lady's mantle. He writes about the blue flower and there is a lot of rough sketches which resemble snow gentian. Legend has it that the elves live where the snow gentian grows. Harebell, one of the signature flowers of East-Iceland, he shows in a sketch. He uses blue ink to draw the blue flower, which is obviously snow gentian. On the same sheet of paper we can see details of willow herb and then he draws harebells and writes, "can't draw a Harebell".

The one of Kjarval's paintings where plants are most easily recognisable is without a doubt his magnificent landscape fantasy, *Hvassá Canyon* (Íslandslag), painted between 1949 and 1959. The work belongs to the National Gallery of Iceland and is on display there. The plants are clearly drawn on top of landscape where a face and a light creature are visible. Here you can recognise mountain sorrel, green sorrel, dandelion, lady's bedstraw and common lady's mantle, common species in Kjarval's flower sketches. Then there are more traditional landscapes where flowers and rocks fill up the foreground, like *Mt. Skjaldbreiður* (in *Grafningur*) 1957–1962, in Reykjavík Art Museum's collection. There you'll see flowers like creeping thyme and bladder campion on a bare patch of ground amongst the rocks. *Berry Twig* (Berjáhrisla) from 1949 is a known work. A twig of heather grows from an eroded ridge across a rocky and barren hill.

When the end approaches, Kjarval paints a series of works where there is only ground in grey tones, like in winter. Sometimes there



is a glimpse of the horizon at the top, and on the left something which looks like a lake, sea or a river. The landscape cannot be named, it could be the kind which appears to us in a dream. He often paints a white filigree of flowers lightly across the ground, as if attempting to hide the gloom underneath. Or is this a veil of snow? These paintings painting have probably been created in his studio in winter when his strength was waning, a dream of summer which will arrive soon with all its flowers, while nature is still hibernating. A flower field of dreams.

These last works show the earth only as earth, mountain as a mountain. A creek is just a creek, a flower only a flower, there are no names, no species. The works only reflect the mind which created them, the artistic vision, which with Kjarval is the Kjarvalian vision. The paintings of Dutch 17<sup>th</sup> century master artist Hercules Segers show a landscape of the mind which has no name, mountains which he'd never seen or visited. Mind Landscape and Mind Sea is what poet August Strindberg gave us with the few paintings he left behind. There somewhere is also where Kjarval's paintings belong, they are fantasy works without beings.

### **Festive Flowers**

Kjarval does not run with the pack when it comes to still life arrangement, the subject where regularity reigns supreme. Floral paintings as snapshots take on a whole new meaning where he is concerned. Everything falls under his own rules, his fertile imagination. Nevertheless, Kjarval was well acquainted with tradition. Still life arrangements occurred early on in his career, but the subject was nevertheless unusual: Books. Under the guidance of Ásgrímur Jónsson, Kjarval painted a still life with a goblet, a glass and a water carafe beside a stack of books. In his first exhibition

in Copenhagen 1912, there is a piece called *Burning Book*, which Guðbrandur Magnússon bought and donated to the newly established University of Iceland. During his study years, Kjarval painted fruit in a bowl and suchlike, and this subject stayed with him a while.

In 1935, when Kjarval is fifty years old, he finally gains recognition and becomes the beloved painter of the Icelandic people which he still is. Photographs show him in a sea of flowers, flower baskets and cut flowers. His studio is full of withering flowers. His paintings have become sought-after, although it's mainly the landscapes. At this point, the ornamental flowers become the subject of paintings which are popular as gifts, and he also repays gifts, loans and goodwill with paintings and sketches of ornamental flowers. He even offers his thanks with images of the flowers which he has been given. This is a time when glorious and colourful artworks are created, depicting bouquets, flower baskets, potted plants and flowers in a vase. Soon, faces and creatures start appearing in between the brightly coloured flowers, in the background a landscape which the flowers blend into or they simply spring from. That's when we start recognising the imagery of Kjarval.

There exists a myriad of ink drawings by Kjarval, depicting bouquets and ornamental flowers. They could be collected for a large exhibition but on this occasion the main focus does not lie there. They all show Kjarval's brilliance as a sketch artist, drawn with much assurance.

I do not feel able to analyse all the ornamental flowers which appear in Kjarval's paintings and sketches, as I lack sufficient knowledge. However, I can name tulips, marigolds, chrysanthemums, carnations and dahlias.

## Floral Creatures

I have viewed the sketch *Floral Face* (around 1940) on innumerable occasions and through the years it has stuck in my head like a song which plays there day in, day out. The creature in the image appears male but is hardly a particular character. He pouts his lips, the flowers are inside his head. It is unclear what type of flowers they are, they resemble ornamental flowers from the workshop more than the wild flora of Iceland. Most likely they originate in the artist's mind. As is often the case with Kjarval, there are other works which resemble this one, but sometimes there are particular people involved, as in the painting *Heather* (*Egill Thorarensen*), from 1949, where the face of Kjarval's contemporary is intertwined with the heather. In *Spring* from 1958, the profiles of a man and a woman, as well as an accompanying creature, are drawn with white lines across a colourful floral background. In the front are ornamental flowers in a vase.

In Kjarval's rough sketches and doodles, which often resembles psychographs, figures, faces, profiles and decorations blend together. The decorations become flowers. Everything flows. The profiles almost always face left. The creatures are gentle but later they start grimacing and making faces. In Kjarval's older fantasies, the creatures can be viewed as elves and supernatural beings. They have a definite form. Later in his career, the creatures and faces start losing their form, they float in thin air in between flowers and landscape. These creatures can for example be seen in his work *The First Moon Astronauts* (around 1960–1965), now in the collection of Þorvaldur Guðmundsson and Ingibjörg Guðmundsdóttir which is preserved at Kópavogur Art Museum – Gerðarsafn.

Free-form, androgynous beings which float above the earth without any earth connection, merge with the sky and the ground. In the painting *Face, Man, Flower*, from around 1965, one of these beings sits on flowery ground. A face appears, and an eye which stares at us. In *Oil Colour Carpet* from 1956, the faces grimace and joke around and say "Gilli gogg". In the background is an abundance of flowers which cover the earth, and blue sky above. The wind ruffles the hair on the heads. Kjarval's creatures are nature's spirits, doubtless these heads are the spirits he writes about in his act *One Act* (1938) and elsewhere. The spirit of frost and ice aptly remarks: "Your whole culture revolves around destroying yourselves, if you can't see but the culture in nature, where the culture comes from, instead of nature being in the culture, as it should." There are laws of nature at work in Kjarval's works, as in his vision and his world. However, we should shy away from viewing nature through the glasses of culture, although this is precisely what we do when we look at moss and lava and picture Kjarval's paintings. His love of Þingvellir was love for the nature, not its culture.

## Protecting Nature and Wildlife

Kjarval abhorred all hunting, whether it was for ptarmigans or whales. He wrote articles about the cruelty of man towards animals and in his work he taught us to value wilderness and uncultivated land. I don't know that anybody in Iceland tried to prevent whale hunting in Iceland before Kjarval did so, and a long time passed until his views were adopted by others. But where did he get his ideas from? From what I can see, they originated with himself. This is the humanity which is visible throughout his life and vision. Kjarval sometimes lived as an outlaw, he lived with nature, and it's

not surprising that he came to this conclusion. It is fairly obvious which artistic trends influenced Kjarval, they are visible in his works. But he always went his own way and his treatment of avant-garde art and philosophical ideas at the start of the last century is completely his own. His stance towards nature, how he deals with it and interprets it, enables him to delve deep into the landscape, the lava and the vegetation and sense the creatures which live there. The kingdom of intuition and living with the land and the environment, that is the key to his world.

Kjarval often picks up his pen, riled by man's dominance over nature and driven by his feeling that no good will come of it. In his article *The Most Supreme Being on Earth* (Morgunblaðið, 14 March 1948), he wants a whale conservation ship be built and says: "This time it is the symptom of our times that we still have enough to eat and could thus with impunity explore a part of our nature under the microscope, examine our greed, cruelty, habits and thoughts of support, as well as our treatment of nature, and we should make this our science, to conserve something for ourselves which means a lot to us." Then he adds: "The immense heart of the world soul, the whales, beats along tonal waves which would be lost to this world if we behave worse than idiots." In *Whale Story* (1956) he writes about brothers which abandon the whale hunt because they already have enough food. Also, the weather is lovely and the hay needs to be brought in, and if everybody goes hunting whale, then there will be no hay. And the people use the next tide to get the whales out to sea again.

Kjarval speaks to us in his deep and rich voice, and today his words mean more than ever. Kjarval was far ahead of his time in his art and in his thinking, we should listen to him and connect ourselves to nature like he did.

April 2019  
Eggert Pétursson

## Dagskrá Programme

### Jóhannes Sveinsson Kjarval Get ekki teiknað bláklukku

#### Sýningarstjóri Curator

Eggert Pétursson

**Eggert Pétursson (f. 1956) er kunnur myndlistarmaður búsettur hér á landi. Hann stundaði listnám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við Jan Van Eyck akademíuna í Maastricht í Hollandi. Hann er þekktastur fyrir nákvæm málverk sín sem byggjast á íslenskri flóru og hefur einnig gefið út bókverk og myndskreytt bækur um flóru landsins.**

Eggert Pétursson (b. 1956) is a renowned artist, living and working in Reykjavík. He studied at the Icelandic College of Art and Crafts, Reykjavík, and the Jan van Eyck Academie, Maastricht. Known for his meticulous paintings based on the Icelandic Flora, he has also published artist books and illustrated botanic publications.

### Sunnudag 2. júní kl. 15.00 Leiðsögn sýningarstjóra

Sunday 2 June at 15h00  
Curator Talk

#### Nánari upplýsingar um leiðsagnir og dagskrá á heimasíðu safnsins

Further information on guided tours and programme on museum website

#### Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn

Small or large groups can book guided tours

#### Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim söfnum, stofnunum og einkaaðilum sem lánuðu verk á sýninguna.

The Reykjavik Art Museum wishes to thank museums, institutions and private parties who kindly lent works for the exhibition.



Kjarvalsstaðir  
Flókagata 24  
105 Reykjavík  
+354 411 6420

Opið daglega  
Frá 10.00 til 17.00  
Open daily  
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is  
artmuseum.is  
#listasafnreykjavikur  
#reykjavikartmuseum

